

Ársskýrsla stjórnar L. H.

Starfsárið 1986–'87

**og
reikningar ársins 1986**



Bændahöll · 107 Reykjavík · Sími 91-29899 og 19200

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978-8922.



Stofnað 1949

Efnisyfirlit ársskýrslu stjórnar L.H. 1986-1987

| | bls. |
|--|------|
| Stjórn L.H..... | 1 |
| Skrifstofan | 1 |
| Tillögur og ályktanir 37. Ársþings | 2 |
| Útgáfumál L.H. | 3 |
| Öryggismál | 4 |
| Nýtt hestamannafélag | 4 |
| Félagsbúningar | 4 |
| Reiðvegafé | 5 |
| Samningar við Félag tamningamanna | 5 |
| Mótadagar félaganna | 7 |
| Ferðamál og áningastaðir | 8 |
| Kvikmynd frá Landsmóti 1986 | 11 |
| Reiðhöllin í Víðidal | 12 |
| Reiðskólinn | 12 |
| Frá Sýninganeftnd B.Í. og L.H. | 12 |
| Helstu viðburðir á sumrinu 1987 | 13 |
| Fræðslunefnd | 14 |
| Um val á landsmótsstað | 15 |
| Frá Gæðinga- og unginganeftnd | 16 |
| Skýrsla stjórnar íþróttaráðs L.H. | 17 |
| Útfluningur hrossa 1986-1987 | 21 |
| FEIF - málefni 1987 | 22 |
| Skýrsla Eskulýðsfulltrúa L.H. 1987 | 25 |
| ----- | |

| | |
|---|----|
| Reikningar Landssamb. hestamannafélaga 1986 | 28 |
| Skrá um árgjöld félaganna til L.H. 1986 | 31 |
| Reikningar Hestsins okkar 1986 | 33 |
| ----- | |

| | |
|-----------------------------------|----|
| Skrá um staðfest íslandsmet | 36 |
| ----- | |

SKÝRSLA STJÓRNAR LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA
STARFSÁRIÐ 1986-1987

1. STJÓRN:

Starfsárið 1986-1987 skipuðu eftirtaldir stjórn L.H.:

Aðalstjórn:

Formaður: Leifur Kr. Jóhannesson, Mosfellsbæ.
Varaformaður: Skúli Ó. Kristjónsson, Svinaskarði, Mýr.
Ritari: Kári Arnórsson, Reykjavík.
Féhirðir: Gunnar B. Gunnarsson, Arnarstöðum, Arn.
Meðstjórnendur: Guðrún Gunnarsdóttir, Hvanneyri.
 Kristbjörg Eyrindsdóttir, Reykjavík.
 Egill Bjarnason, Sauðárkróki.

Varastjórn: Guðmundur Jónsson, Mosfellsbæ.
 Sigfús Guðmundsson, V-Geldinaholti, Arn.
 Sigbjörn Björnsson, Lundum, Mýr.
 Armann Gunnarsson, Laugasteini, Svarf.
 Sveinn Jónsson, Hafnarfirði.

A árinu voru haldnir 11 stjórnarfundir og voru þeir allir boðaðir bæði aðal- og varastjórn. Voru þeir yfirleitt vel sóttir.

Sumir stjórnarnefndarmenn þurftu einnig að sinna öðrum nefndarstörfum, ýmsum.

2. SKRIFSTOFAN:

Eftir að fengin er reynsla af húsnæðinu í Bændahöllinni, sem tekið var á leigu í ársbyrjun 1986, er ljóst að það er að flestu leyti hið ágætasta. L.H. nýtur nágrennis við Búnaðarfélag Íslands, sem lætur í té fyrirgreiðslu er varðar ljósritun o.fl. Banki er í húsinu og fundarherbergi eftir þörðum. Leiðir margra utan Reykjavíkur liggja hér um o.s.frv.

Framkvæmdastjórin, Guðm. Ó. Guðmundsson er eini fasti starfsmáður samtakanna og er skrifstofan opin virka daga kl. 8.30-17.00.

Vegna ýmissa útréttið um borgina, ber alloft við að skrifstofan er mannlaus. Kemur það sér afar illa fyrir þá, sem eiga við hana erindi, sem margir eiga símleiðis, sérstaklega. Hægt er að koma skilaboðum áleiðis í síma 19200 (skiptiborð Búnaðarfélagsins), en ákveðið er að kaupa símsvara, sem tekur við skilaboðum.

3. TILLÖGUR OG ÁLYKTANIR SÍÐASTA ÁRSÞINGS:

- a) Ráðning æskulýðsfulltrúa.
Kolbrún Kristjánasdóttir í Rauðuvík var ráðin í hlutastarf sem æskulýðsfulltrúi. Gert var ráð fyrir því að starfið svaraði til ca. 3. mán. tíma.
Fræðslunefnd fjallaði um þetta mál og var tengiliður stjórnar ásamt framkvæmdastjóra við skipulagningu á starfinu.
Vísað er til skýrslu Kolbrúnar í Ársskýrslunni.
- b) Tillögu um kynningu á hestamennsku fyrir byrjendur var vísað til vinnuhóps (fræðslunefndar). Gerð er frekari grein fyrir því í skýrslu nefndarinnar.
- c) Tillaga um rannsóknir er tengjast ónemiskerfi hrossa (sumarexem og heymæði).
Tillagan send til landbúnaðarráðuneytisins og rætt við ráðuneytisstjóra landbúnaðarráðuneytis.
Viðunandi fjárveiting fékkst til þessa verkefnis.
- d) Tillaga um notkun reiðhjálma var send öllum hestamanna-félögum.
- e) Tillaga um dómstörf var send stjórn Dómarafélagsins.
- f) Tillaga um skipun 5 manna milliþinganefndar um endurskoðun á framkvæmd fjórðungs- og landsmóta.
Stjórn L.H. ákvað að fjölga nefndarmönnum í 7 til þess að þannig mætti ná til sjónarmiða allra landshluta.
I nefndina voru valdir:
Ingimar Sveinsson, Egill Bjarnason, Högni Þorláksson, Jónas Vigfússon, Sigurður Haraldsson, Gísli B. Björnsson og Leifur Kr. Jóhannesson, sem var formaður nefndarinnar. Varamenn eru Birgir Guðmundsson og Kári Arnórsson og starfaði sá síðarnefndi alveg í nefndinni vegna forfalla annara nefndarmanna. Nefndin hélt 4 fundi og fékk til fundar við sig Þorkel Bjarnason, hrossaræktarráðunaut. Auk þess fékk hún umsagnir nokkurra hestamanna sem hafa verið virkir þáttakendur í flestum sýningaratriðum á mótum til þess að fá fram álit þeirra á móta haldi undanfarinna ára og hverjar breytingar væru æskilegar.

Nefndin skilaði áliði 22. maí s.l. til stjórnar L.H. Stjórnin ákvað að þetta mál yrði aðalmál þessa ársþings og sendi jafnframt nefndaráliði til allra hestamanna-félaga til kynningar. Aður en það var gert, var það sent til sýninganefndar B.Isl. til sérstakrar umsagnar vegna atriða er fjalla um sýningu kynbótahrossa. Málið er á dagskrá þessa þings og mun Sigurður Haraldsson hafa framsögu og kynna það.

- g) Síðasta ársþing kaus þrjá menn í milliþinganefnd til þess að fjalla um hugsanlegan útflutning á sæði stóðhesta og á óvönuðum hestum yngri en 2 vетra og frjógvuðum eggjum úr hryssum.
I nefndina voru kosnir:
Ingimar Sveinsson, Hvanneyri, formaður.
Haraldur Sveinsson, Hrafnkelsstöðum.
Leifur Kr. Jóhannesson, Mosfellsbæ.
Nefndin hefur haldið einn fund og fékk þá Þorkel Bjarnason til fundar. Auk þess sóttu þeir Haraldur og Ingimar aðalfund Hrossaræktarsambands Íslands og flutti Ingimar þar framsögu um málið. Reiknað er með að nefndin starfi áfram og þá í samvinnu við félag hrossabænda og Hrossar. samb. Íslands.

4. ÚTGÁFUMÁL O.B.H.:

Bókin Afangar kom út fyrir síðstu jól. Þar er að finna lýsingar á nokkrum helstu göngu- og reiðleidiðum á þeim hluta landsins, sem nær frá Hvítá að vestan og að þjórsá að austan.

Ferðaneftnd L.H. safnaði efninu og bjó til prentunar og mæddi þar langsamlega mest á formanni hennar Hjalta Pálssyni. Tuttugu og þrír höfundar skrifa í bókina, sem er mikil að vöxtum og seldist mætavel.

Sigurður Ragnarsson og Hákon Hákonarson gáfu út.

Ætlað er að halda áfram útgáfu af þessu tagi, þótt það verði ekki þetta árið.

Aftur á móti kemur 35 ára afmælisrit L.H. út nú á þessu ári, ritað af Steinþóri Gestssyni á Hæli. Sú útgáfa er á vegum Hestsins okkar. Steinþóri til aðstoðar hafa verið þeir Kristján Guðmundsson og Kári Arnórsson. Landsambandið gaf út Hestinn okkar eins og áður og vísast til skýrslu ritnefndar þar um.

5. ÖRYGGISMÁL O.FL.:

Alyktun síðasta Ársþings um notkun reiðhjálma var ítrekuð við félögin í dreifibréfi L.H. -Jóreyknum-. Reynslan sýnir að allir þurfa að vera hér vel á verði og leggjast á eitt um framgang þessa öryggisatriðis.

Af gefnu tilefni skrifaði L.H. bréf og sendi Dómsmálaráðuneyti hvar vakin var athygli á umferð unglings á "dvergjeppum" á reiðleiðum í nágrenni þéttbýlis. Ráðuneytið brá við hart og ítrekaði reglugerð um umferð og notkun þessara farartækja við alla lög-reglustjóra í landinu. Síðar hafa borist ályktanir víða um takmörkun eða algjört bann við umferð þessara tækja. Augljóst er að þau geta verið stórkostlega varasöm í höndum unglings. Yfirdýralæknir hefur bent á að útbúnaður aftanívagna, sem notaðir eru til hrossaflutninga sé oft ógildum ófullkomín og stundum afleitur. Enda þótt hér sé um mál að ræða, sem varðar öryggi bifreiða og þar með lög þar að lútandi, eiga hestamenn sjálfir mest undir því, að hér sé allt í lagi og þess vegna er vakin athygli á þessu.

6. NÝTT HESTAMANNAFÉLAG:

Hestamannafélagið Geisli í Breiðdal, sendi stjórn L.H. inn-tökubeiðni þann 19. maí s.l.

Bréfinu var svarað að loknum stjórnarfundi 21. maí og bent á hvað gera þyrfti til þess að hægt væri að afgreiða málið formlega. Stjórnin hefur samþykkt aðild félagsins að L.H. og er það boðið velkomíð í sambandið.

7. FÉLAGSBÚNINGAR:

I ársþyrjun bað skrifstofan öll félögin um lýsingu á gildandi félagsbúningum svo og ljósmynd. Nokkuð skortir á að þessari beiðni hafi verið sinnt. Gott er að eiga myndir og lýsingar hér á skrifstofunni, sem grípa má til, sem alloft kemur fyrir.

Hestamannafélagið Stormur á Vestfjörðum hefur látið gera nýjan búning: Vínrauðan jakka og gráar buxur.

Þá hafa Glaður og Snæfellingur sótt um breytingu á sínum búningum. Jakki Glaðs verður í ljósgráum lit við svartar buxur en Snæfellings í blágráum lit við svartar buxur.

8. REIÐVEGAFÉ:

Gunnar B. Gunnarsson, Kári Arnórsson og Egill Bjarnason unnu úr umsóknunum félaganna um reiðvegafé. A stjórnarfundi 25.2. var gengið frá svohljóðandi úthlutun:

Af reiðvegafé 1987:

| | | |
|-----------------------|-----|------------|
| Funi, Eyjafirði | kr. | 380 þús. |
| Léttir, Akureyri | - | 240 þús. |
| Gnýfari, Ólafsfirði | - | 30 þús. |
| Glæsir, Siglufirði | - | 70 þús. |
| Þráinn, Höfðahverfi | - | 30 þús. |
| Léttfeti, Sauðárkrúki | - | 90 þús. |
| Stígandi, Skagafirði | - | 20 þús. |
| Neisti, Blönduósi | - | 50 þús. |
| Þytur, Hvammstanga | - | 90 þús. |
| | Kr. | 1.000 þús. |

Eftirstöðvar frá f. ári vegna

| | | |
|------------------------------|-----|------------|
| Smára, Arnessýslu | Kr. | 20 þús. |
| og Storms, Vestfj. | - | 20 þús. |
| Sleipnir, Selfossi | - | 40 þús. |
| Heildarúthlutun á árinu 1987 | Kr. | 1.040 þús. |

Úthlutun ársins fór í Norðurland vegna Fjórðungsmóts 87 á Melgerðismelum.

Það vekur nokkra athygli, að kr. 650 þús. fara til þeirra 3ja félaga, sem nú hóta úrsögn úr L.H.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins, hefur öll fjárveitingin verði notuð þetta árið.

9. SAMNINGAR VIÐ FÉLAG TAMNINGAMANNA:

Ákveðið var að reyna samningagerð með fyrra fallinu, en af því varð þó ekki fyrr en í desember lok.

Stjórn L.H. lítur svo á að það sé fremur í verkahring Félags hrossabænda að gera samning við FT um tamningagjald, en allir þessir þrír aðilar unnu að málunum í þetta sinn; eins og í fyrra. Aftur á móti er það tvímalalaust í okkar verkahring að semja um gjald fyrir reiðkennslu.

Til glöggvunar fara hér á eftir umræddir samningar, en þeir voru sendir til formanna allra hestamannafélaganna um s.l. áramót:

Samkomulag um gjald fyrir tamningar 1987

Samkomulag er milli Félags tamningamanna annars vegar og Lands-sambands hestamannafélaga og Félag hrossabænda hins végars, um viðmiðunargjald fyrir tamningar veturninn 1986-1987.

Almennt viðmiðunargjald verði kr. 8.500 til 10.500 á mánuði fyrir: vinnu, fóður, hús, hirðingu og annað, er við kemur tamningu, miðað við 10 hross. Lægri talan er miðað við þá, sem minni reynslu hafa, en efri mörkin við þá, sem eru reyndari tamningamenn.

Launaliðir í þessum tölu, þ.e. tamning og hirðing, telst vera 60%. Gjald þetta tekur aðeins til félaga í Félagi tamningamanna.

Reykjavík, 27. desember 1986.

f.h. Félags tamningamanna

Gunnar Arnarson

Erling Sigurðsson

f.h. Félags hrossabænda

Kjartan Georgsson

Sigurður Gunnarsson

f.h. Landssamb. hestamannafélaga

Leifur Kr. Jóhannesson

Kári Arnórsson.

Samningur um laun reiðkennara innan Félags tamningamanna annars végars og Landssambands hestamannafélaga hins végars:

Sú regla, sem tekin var upp við síðstu samningagerð, að tekið er tillit til starfsaldurs og reynslu kennarans, er viðhöfð að þessu sinni einnig og settir upp þrír launaflokkar. Í því skyni lætur Félag tamningamanna skrifstofu L.H. í té lista yfir nöfn reiðkennara ásamt starfsaldri.

- A. 1. Reiðkennrar með allt að 3 ja ára starfsreynslu kr. 1.200 á mann.
2. Reiðkennrar með 3 ja til 7 ára starfsreynslu - 1.950 - -
3. Reiðkennrar með 7 ára starfsreynslu eða meir - 2.300 - - í
4. Sérstök námskeið fyrir unglings - 1.200 - - í
2. og 3.fl. og - 1.000 í 1. fl.
- B. Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi á námskeiði sé 12 manns.
- C. Námskeið standi minnst 10 klst. og byggist bæði á bóklegu og verklegu námi.
- D. Gjald fyrir unglings miðast við að þeir séu á sérstöku unglings-námskeiði, en séu þeir í flokki með fullorðnum, þá greiði þeir sama gjald og fullorðnir.

E. Sé kennari ekki búsettur á svæðinu, greiðist ferðakostnaður til og frá námskeiðssvæði samkvæmt samkomulagi milli hestamannafélaga og kennara (og er heimilt að leggja hann á þátttökugjald).

f. Samkomulag þetta gildir eingöngu milli reiðkennara F.T. og L.H. og er gildistími þess frá undirskrift. Óheimilt er að aðrir noti taxta þessa en samkomulagið tilgreinir og gildir ekki fyrir leiðbeinendur byrjenda, sem staðist hafa námskeið L.H. Samkomulag þetta gildir ekki fyrir æskulýðsstarf hestamannafélaga og bæjarfélaga.

Reykjavík, 27. desember 1986.

f.h. reiðkennara í F.T.

Gunnar Arnarson

Erling Sigurðsson

f.h. Landssamb. hestamannafélaga

Leifur Kr. Jóhannesson

Kári Arnórsson.

10. MÓTADAGAR FÉLAGANNA:

Skrifstofan vann úr umsóknunum félaganna. Því verki lauk 17.2.

Hestamannafélagið Máni kvartaði yfir því, að bikarkeppni í hestaíþróttum á Reykjavíkursvæðinu var sett á sama dag og þeirra venjubundna mótsdag.

Snemmhaldið EM/HM í Austurríki skekkti tímann á Islandsmóti í hestaíþróttum, sem fyrir vikið var haldið mánuði fyrr en vera átti og þá á sama tíma og Murneyramótið.

Reynt er að forðast það, að nærliggjandi móti séu haldin sam-tímis og hafa félögum gjarnan um það samráð innbyrðis áður en sótt er um ákveðinn dag.

Hómarafélag L.H. (deildir þess) raðar dómurum niður á mótin.

11. SVÆDISFUNDIR:

Föstudaginn 20. febrúar var haldinn fundur að Kirkjubæjarklaustri með félögum úr Kópi. Hann var dável sóttur og unga fólkis margt að tiltölu. Gist var á heimilum félagsmanna. Daginn eftir var ekið til fundar á Höfn. Hann var haldinn um miðjan daginn í Máningarði og vel sóttur. Veitingar og gisting í boði félags-manna. Í bakaleiðinni var fundur haldinn með Sindra-félögum að skógaskóla á sunnudagskvöld. Fundurinn var fámenntur, enda þorra-blót nýastaðin.

Ferðalangarnir voru ánægðir með fundina og ferðalagið fyrir sitt leyti. I leiðinni var heilsað uppá menn utan fundartíma og ber ætið margt á góma undir þeim kringumstæðum.

Ráðgert var að fara í N-þingeyjarsýslu, en af því varð ekki. Þeir, sem fóru voru: Leifur Kr. Jóhannesson form., Guðrún Gunnarsdóttir, Kristbjörg Eyyvindsdóttir, Guðm. Ó. Guðmundsson og Pétur Jökull Hákonarson form. Íþróttaráðs L.H.

12. FERÐAMÁL HESTAMANNA OG ÁNINGARSTAÐIR:

Ferðamál hestamanna voru sérstaklega til umræðu á Ársþinginu á Egilsstöðum 1986. Þar var ályktað um ferðamál í 5 liðum og stjórn L.H. falið að fylgja þeim ályktunum eftir.

Einmitt vegna þess hve hestaferðir eru vaxandi tómstundagaman og atvinnurekstur brennur mjög á samtökunum hvert gengi þeirra verður í framtíðinni. Hestamenn vilja komast leiðar sinnar sem víðast og hafa þá fyrirgreiðslu, sem hentar hverjum og einum. Mjög er stefnt til fjalla og inn á meginhlélandi landsins. Áningastaðir, sem áður voru afskekktir og fásóttir, eru nú komnir í alfaraleið. Það gefur auga leið, að þá verður margt á annan veg en ákjósanlegt má telja. Þetta er í sjálfu sér aðeins það, sem gerist undir svona kringumstæðum.

Ef litid er til hálandisins þangað, sem flestir vilja fara, þá nálgast sú tíð, að eftirlit verði á helstu áningastöðum og þessari umferð sinnt eins og annari og til reiðu sá beini, sem nauðsynlegur er. Er þá átt við hús fyrir fólk, áningahólf fyrir hross og fóður þar sem haga vantar. Fyrir þetta greidi hestamenn eins og aðrir og þar með verði stuðlað að eftirliti á viðkomandi áningastöðum, sem standi undir nafni.

Ef skoðaðar eru áðurnefndar 5 ályktanir um ferðamál frá síðasta Ársþingi þá er þetta helst um þær að segja frá sjónarholi stjórnar L.H.:

a) Um samræmda gjaldskrá vegna náttstaða í sumarferðalögum hestamanna er ekki að ræða. L.H. hefur erkert umboð til þess að móta reglugræni þar að lútandi og kemur þá enn og aftur að því, sem hindrar framgang L.H. á þessum vettvangi. Við höfum hvorki vald né fjármagn til þess að koma neinu umtalsverðu til leiðar í þessum efnunum.

b) Þingsályktun var lögð fyrir síðasta Alþingi um reiðvegarð á Íslandi. Hún er nýmæli, sem því miður var ekki afgreidd á því þingi. Stjórn L.H. tekur undir það að fagna beri þessu frumkvæði og telur að leggja beri á það alla áherslu, að reiðvegagerð komist inn á vegalög og að því verði undinn bráður bugur. Ályktun L.H. send Alþingi. Því miður hefur núverandi fyrirkomulag um fjárveitingar til reiðvega og samkomulag við Vegagerð ríkisins reynst allsendis ófullnægjandi í þessum efnum. Stjórn L.H. vinnur að því að fá aukið fjármagn til reiðvegagerðar.

c) A árinu 1987 var eftirtöldum félögum lofað styrk til áningahólfa, kr. 50 þús. á hvert hólf: Funa, Létti og bjálfa v/hólfs við Laugafell. Feyki, Bjálfa, Grana og Létti v/hólfs í Þjóðg. í Jökulsárgljúfrum. Stormi í Vestfj. v/hólfa í Arnarfirði og Önundarfirði. Geysi í Rang. v/hólfs í Þórmörk. Loga í Bisk., Árn. v/hólfs nálægt Gullfossi. Framlög þessi eru greidd úr sjóði, sem til varð á árunum 1983-85 og félög innan L.H. greiddu í. Félögin sjá um að gera hólfin og kosta því til, sem á vantar. Einnig sjá þau um viðhaldið í framtíðinni og útvega leyfi landeigenda eða umræðamanna lands, sem hólfin standa á. Þau séu sett þar, sem þau spilla ekki gróðri og í þeim sé vatn, ef mögulegt er. Eftir ofangreinda úthlutun er umræddur sjóður nær tæmdur og þá ekki lengur hægt að ganga í hann.

d) Ekki er mikil skráð í lögum um umferðarétt hestamanna, sérstakelga. Hann tengist almennum umferðarétti eins og hann er skráður í lögum og reglugerðum. Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri í Landbúnaðarráðuneytinu skrifaði grein um þetta efnni, sem birtist í Hestinum okkar, 1977 (3.tbl.) Þá eru girðinga- og vegalög mjög glögg í þeim tilvikum, sem þar er fjalld að um. Stjórnin bendir sérstaklega á þessa grein Sveinbjarnar fyrir þá, sem vilja kynna sér lög og reglur um umferðarétt.

- e) Að athuguðu máli hefur stjórn L.H. ekki treyst sér til þess að hlutast til um skipan nefndar til þess að gera tillögur um framtíðarskipulag hestaferða eins og síðasta Arsping ályktaði. Kemur þar til m.a. að L.H. er ekki í þeirri stöðu að hafa framgang ferðamála í hendi sér og svo hitt, að á þessu stigi er ómögulegt að sjá fyrir hvernig þeim verður best borgið í framtíðinni.
- Hins vegar ræddu formaður og framkvæmdastjóri við Birgi Þorgilsson ferðamálastjóra í framhaldi af erindi hans á Arspingu. Sömuleiðis kom Sveinn Rúnólfsson landgræslustjóri á stjórnarfund og ræddi hestaferðir og gróðurvernd. I máli hans kom fram að til eru staðir og leiðir á háleldinu, sem alvarlega þurfa eftirlits með, ef ekki á illa að fara.
- Stjórn L.H. ráðgerir að eiga viðræður við aðila, sem tengjast hestaferðum og nota þá miðla, sem tiltækir eru til þess að koma ábendingum og fræðslu á framtíðinni. Fyrirhugað er að mynda starfshóp um þessi mál undir forystu landgræslustjóra.

I Skógarhólum í Bingvallasveit var starfsmei með hefðbundnum hætti. Þar var umferð fimm tungi meir i en árið áður og skráðar 3.240 gistiatur hrossa. Einar Armannsson úr Hafnarfirði var vörlumaður í sumar og viðhéltn Hann því góða viðmóti og frábæru hirðusemi, sem Gísli og Erna á Kirkjulandi voru þekkt fyrir þau 3 sumur, sem þau gættu staðarins. Eftir því, sem staðurinn verður vistlegri, batnar umgengni gesta.

A Hveravöllum var gert við áningaráhólfíð, en girðingin þar hafði fallið að stórum hluta í ofviðri haustið 1985. Einar Höskulds-son á Mosfelli sá um að vinna verkið og tengist hólfíð númerum hesthusi og heygeymslu. Hann kom einnig heyi á staðinn, annað árið í röð. Kristín Kristjánssdóttir vörlumaður Sauðfjárveikivarna sá um heysöluna eftir að L.H. hafði fengið afsvar um þá fyrirgreiðslu hjá Ferðafélagi Íslands og Náttúruverndarráði, sem hafa 2 vörlumenn í félagi á Hveravöllum. Kristín taldi hrossin, sem voru mætt í girðingu L.H. og reyndust þau nál. 1.500 talsins, og færum við henni bestu þakkir fyrir hjálpinu.

I Hvítárnesi á L.H. annað hólf og sá Landgræðslan um að lagfæra það, sem þurfti. I Hvítárnesi á Fl sálhús, en þar er ekki stöðug varsla. Ætla má að svipaður hrossafjöldi fari þar um og á Hveravöllum.

I Alftárkróki við Norðlingafljót er þriðja hólfíð, sem L.H. lét gera á sínum tíma. Það tengist vistlegu og endurbættu gangnamanna-húsi, sem upprekstrarfélögin í Reykholtsdal og Þverárhlið eiga. Þar er einnig vaxandi umferð.

13. KVIKMYND FRÁ LANDSMÓTI '86:

Kvikmyndun á síðasta landsmóti var með venjubundnum hætti, tekin á filmu. Samið var við Hrif s.f., um töku myndarinnar og var Vilhjálmur Ragnarsson þar í forsvari. L.H. greiddi því fyrirtæki kr. 700 þús. fyrir verkið og samdi við Ragnar Tómasson að leiðbeina við töku á mótsstað og klippingu myndarinnar. Vann hann það verk án endurgjalds. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir. Af ástæðum, sem hér verða ekki raktar, dróst mjög að ganga endanlega frá myndinni, sem kom á markað á myndböndum í Júní mánuði.

Hjalti Jón Sveinsson gerði texta og las hann inn.

Eins og fyrrum, er fólk misjafnlega ánægt með myndina. Ekki er hægt að gera öllum þáttum mótsins nægilega góð skil í 40 mín. mynd og eðlilegt að eitt og annað vanti, sem vakti athygli áhorfandans á mótsstað. Einig vantaði tökumenn betri aðstöðu. A úrslitavellinum á Hellu hagar svo til, að áhorfendur eru í bakgrunni myndarinnar, sé tekið undan sól, eins og gera þarf oftast. Þá var veðrið heldur ekki uppá það besta, svo sem verða vill við útitökur.

Mótshaldid lagði myndinni til 500 þús. kr. Framleiðsluráð landb. kr. 100 þús. og Búnaðarfél. Ísl. kr. 50 þús.

Hestamannafélögunum hefur verið boðið að selja myndina gegn 500 kr. umboðslaunum á stk. og hafa nokkur félög tekið því. Bandið kostar kr. 2000.

Hugsanlegt er að öðruvísí verði staðið að myndatökum á landsmótum í framtíðinni. Með tilkomu nýrrar myndatökutæknii og hvort hægt er að bjóða myndatökuna út á einkaleyfi gegn því að L.H. fái sína mynd fyrir.

14. REIÐHÖLLIN Í VÍÐIDAL:

Langþráður draumur hestamanna hefur ræst. Reiðhöllin í víðdal var vígð við hátiðlega athöfn 10. ágúst s.l. Er ekki að efa að þetta geysilega áatak sveita- og þéttbýlis verði lyftistöng fyrir hestamennsku og hrossarækt í landinu. Kostnaður við byggingu hennar nemur nú kr. 65 miljónum. Hlutafé í Reiðhöllinni er nú kr. 20 milj. Þar af á L.H. kr. 2.870 þús. og eru 1.870 þús. framlag úr kjarnfóðursjóði. Skuldar Reiðhallarinnar eru núna um kr. 45 milj. og þarf áreiðanlega að halda vel á spöðunum til þess að rekstur byggingarinnar standi undir sér, en ýmis starfsemi er hafin þar. Fulltrúi L.H. í stjórn Reiðhallarinnar hefur verið og er Gísli B. Björnsson. Þeir hygg að á engan sé hallað þótt þess sé getið að bóninn Sigurður J. Líndal, formaður stjórnarinnar hafi unnið dyggilega að framkvæmdinni, sem var hans mikla áhugamál. Þökk sé honum og öðrum stjórnarmönnum fyrir dugnað og þolgæði við framkvæmdina.

15. REIÐSKÓLINN:

L.H. hefur áður fjallað um þörf fyrir stofnun reiðskóla á Islandi. Sambandið hafði áður sett nefnd í málið og liggur nefndarálið hjá búfræðinefnd til athugunar. Að frumkvædi stjórnar Reiðhallarinnar var boðað til fundar um reiðskólamálið með fulltrúum frá Landbúnaðarráðuneytinu, L.H., Félagi hrossabænda, Félagi tamningamanna, fulltrúa frá Bændaskólanum á Hólum og stjórn Reiðhallarinnar. A þessum fundi var kosin 3 ja manna nefnd til viðræðna við Landbúnaðarráðuneytið. I þá nefnd voru kosnar Gísli B. Björnsson, Gunnar Arnarson og Jón Bjarnason. Niðurstaða úr þeim viðræðum mun hafa orðið sú, að þóri Lárussyni, kennara í hrossarækt og hestam. var falið af Landbúnaðarráðuneytinu að gera tillögu að námsskrá fyrir reiðskóla. Það þykir eðlilegt að tengja síikan skóla búfræðslunáminu í landinu. Við væntum þess, að eitthvað raunhæft komi út úr þessari athugun og að skilningur sé fyrir málina.

16. FRÁ SÝNINGANEFND B.I. OG L.H.:

Milliþinganefndin, sem skipuð var til þess að fjalla um framtíðarskipulag lands- og fjórðungsmóta sendi Búnaðarfélagi Islands tillögur sínar og bað það að leita álits sýninganefndar um þann þátt, sem varðar kynbótahrossin.

Sýninganefnd kom saman til fundar í Borgarnesi 7. sept. s.l.

hvar fyrst og fremst var rætt um áðurnefndar tillögur.

Efnisleg niðurstaða varð sú, að hún telur ekki ástæðu til þess að gera veigamiklar breytingar á undirbúningi og framkvæmd kynbótasýninga á lands- og fjórðungsmótum.

Að öðru leyti vísast til fundargerðarinnar, sem fylgir gögnum þingfulltrúa.

I sýninganefndinni eru: Þorkell Bjarnason, ráðunautur, Guðm. Sigurðsson, Hvanneyri B.I. Steinþór Runólfsson, Hellu B.I. Skúli Ö. Kristjánss., Sv.sk. L.H. Sveinn Guðmundsson, Skr. L.H.

17. HELSTU VIÐBURDIR Á SUMRINU '87:

Auk hestamóta félaganna af ýmsu tagi, sem hvert og eitt er stóratburður í starfsemi hvers félags, gerist ávallt eitthvað það í mótaþaldi okkar, sem telst til stórvíðburða, almennt.

Sýning Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti er árviss atburður, sem dregur til sín stóran hóp áhorfenda, hvaðanæfa. Er svo komið, að gera verður ráð fyrir henni í skipulagi um mótaþald hestamanna. Næst kom Fjórðungsmót á Norðurlandi, sem haldið var á Melgerðismelum í lok Júnímánaðar. Fjórðungsmótin eru mikill viðburður í þeim fjórðungi, sem þau eru haldin og gefa góða vísbindingu um stöðu hrossaræktarinnar í viðkomandi fjórðungi.

I júlíumánuði var úrtaka fyrir EM/HM í Austurríki, sem haldið var um miðjan ágúst. Mikill fjöldi íslendinga sótti mótið og urðu vitni að góðum árangri í íslensku sveitarinnar, sem var undir sérstakri vernd forseta Islands.

Islandsmótið í hestaíþróttum var haldið í Svarfaðardal dagana

18. og 19. júlí. Annars hefur því móti verið ætlaður tími í ágúst, en það breyttist að þessu sinni vegna HM-mótsins.

Loks má svo geta Landbúnaðarsýningar í Reiðhöllinni í ágúst.

L.H. var beðið um sýningarátriði, sem tengdist íslenska hestinum í fortíð og nútíð. Eftirtöldum félögum var falið að annast framkvæmdina, sem þau og gerðu með sóma: Höpur, Fákur, Gustur, Andvari, Sörlí, Trausti og Félagi tamningamanna. Sýnd voru atriði frá fyrri tíð: Höpur ríðandi fólks á leið til kirkju, heybandslest, áburðarkerra, póstlest, lystikerra svo og reiðmennska nútímans. Stjórnandi var Hjörtur Egilsson og þulur var Jón Sigurbjörnsson.

Ásamt sýningum kynbótahrossa var þetta mjög vinsælt atriði á BÚ'87.

18. FRÆDSLNEFND:

Tvö málefni hafa hlotið mesta umfjöllun, þar er að segja: aðstoð og fræðsla til hjálpar byrjendum í hestamennsku og varðveisla kvíkmynda af undangengnum landsmótum.

Til aðstoðar byrjendum var tilbúið handrit að bæklingi um umhírðu og meðferð hesta, ákveðið var að auka við þann bækling og setja inn þátt um reiðmennsku, er verið að vinna að þeim viðauka. Fræðslunefnd og Hesturinn okkar hafa ákveðið að boða nokkra byrjendur til fundar, og ræða við þá um það sem þeim finnst helst vanta og hvað gæti orðið þeim mest til hjálpar. Einnig höfum við í huga að skrá niður á blað og dreifa til hestamannafélaga upplýsingum um lesefni fyrir byrjendur. Til endurnýjunar á kvíkmyndum var ekki varið fé á síðasta ári. Verkið er fjárfrekt og til þess að því miði áfram teljum við skynsamlegast að veita árlega nokkru fé til þess. Kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Margt hefur boríð á góma en þetta er það sem mesta umfjöllun hefur hlotið.

ESKULÝÐSMÁL:

Síðasta Ársþing samþykkti einum rómi að verja allt að 150 þús. kr. til ráðningarár æskulýðsfulltrúa.

Fræðslunefnd, undir forystu Kristbjargar Eyvindsdóttur var falið að kanna málið og er skemmst frá því að segja að Kolbrún Kristjánasdóttir í Rauðuvík við Eyjafjörð tók starfið að sér. Þeim, sem þekkja Kolbrúnú þótti vel hafa tekist til um ráðninguna, enda hefur hún sýnt starfinu mikinn áhuga og lagt sig alla fram um að sinna því, svo sem frekast hefur verið hægt. Skýrsla hennar er birt í Ársskýrslunni. Vonum við að framhald verði á þessu þýðingarmikla starfi og félögin leggi því lið á fjárlögum í framtíðinni.

I nefndinni eiga sæti: Kristbjörg Eyvindsdóttir, form. Gísli B. Björnsson. Sigurður Ragnarsson. Sesselja Guðjónsdóttir. Auður Stefánsdóttir.

UM VAL Á LANDSMÓTSSTAD

Eins og mælt er fyrir í samþykktum ársþingsins bar stjórn L.H. að taka ákvörðun um næsta stað fyrir landsmót eða innan árs frá síðasta landsmóti.

Stjórn L.H. sendi hestamannafélögum á norðurlandi bréf hinn 26. mars s.l. þar sem þau voru spurð um eftirfarandi:

1. Hvort viðkomandi félag biði fram stað til landsmótshaldsins.
2. Hafi félagið ekki stað fyrir landsmótið þá komi það fram hvar það telji æskilegast að halda mótið.
3. Hvort félagið væri tilbúið til að standa að mótaþaldinu með öðrum hestamannafélögum á norðurlandi óháð því hvar það yrði haldið.

Sextán félög svöruðu en eitt svaraði ekki.

Tveir staðir voru boðnir fram, Melgerðismelar og Vindheimamelar.

9 félög vildu að mótið yrði haldið á vindheimamelum, 6 félög vildu hafa það á Melgerðismelum og eitt félag tók ekki afstöðu til staðarvalsins.

Tvö félög úr Eyjafirði tóku það fram að þau myndu ekki standa að framkvæmd væntanlegs landsmóts nema að það yrði á Melgerðismelum.

I framhaldi af þessu tók stjórn L.H. ákvörðun um stað fyrir landsmótið á fundi hinn 6. júlí s.l.

Tveir kusu að hafa það á Melgerðismelum, en fimm á Vindheimamelum og urðu því Vindheimamelar fyrir valinu sem næsti landsmótsstaður.

FRÁ GÆDINGA-OG UGLINGANEFDN:

Nefndin hélt 4 fundi á starfstímabilinu.

Hún fékk m.a. til meðferðar tillögu frá síðasta Arsbíngi L.H.

um endurskoðun á reglum um gædinga- og unglingskeppni.

Að athuguðu máli komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til þess að gera róttækar breytingar þar á. Aftur á móti beri að setja starfsreglur um framkvæmd úrslitakeppni.

Kemur tillaga frá nefndinni þar um fyrir 38. Arsbíng.

Dagana 23. og 24. maí var haldið námskeið fyrir héraðsdómara á Hólum í Hjaltadal.

Undirbúning og samningu kennsluefnis önnuðust Sigurður Haraldsson, Reynir Aðalsteinsson, Gunnar Egilsson og Jóhann Þorsteinsson.

Leiðbeinendur voru: Sigurður Haraldsson, Jóhann Þorsteinsson, Gunnar Egilsson og Jóhann Friðgeirsson.

Útskrifaðir voru 13 nýliðar og eru þeir hér skráðir í félagaröð:

| | | | |
|-----------------------|----------|---------------------|--------|
| Karl Björnsson | Andvara | Sverri Jónsson | Glæsi |
| Kolbrún Kristjánssd. | Létti | Gunnar Haraldsson | Mána |
| Gunnar G. Kristjánss. | Mána | Kristján Sigurðsson | Neista |
| Sigurður Guðmundsson | Stíganda | Ivar Ragnarsson | Stormi |
| Bragi Björgmundsson | Stormi | Bórir N. Jónsson | Svaða |
| Gunnar Jónasson | Sörla | Ingibergur Arnason | Sörla |
| Sig. E. Ávarsson | Sörla. | | |

Nefndinni barst bréf frá Gunnari Egilssyni, dags. 22.7 hvar hann segir sig úr gædinga- og unglingsnefnd. Fyrsti varamaður, Rosemarie Þorleifsdóttir tók því sæti hans.

I gædinga- og unglingsnefnd eiga sæti:

Jóhann Þorsteinsson, Miðsitu, form.

Gunnar Arnarson, Reykjavík, Sigrún Sigurðardóttir, Garðabæ, Þórður Axelsson, Mosfellsbæ og Rosemarie Þorleifsdóttir, V-Geldingaholti.

SKÝRSLA STJÓRNAR ÍPRÓTTARÁÐS L.H. 1987

Stjórn ípróttaráðs L.H. árið 1987 skipuðu eftirtaldir:

Pétur Jökull Hákonarson, formaður,
þorsteinn Hólm Stefánsson, varaformaður,
Lisbeth Sæmundsson, gjaldkeri,
Hulda Sigurðardóttir, ritari,
Ragnar Tómasson, meðstjórnandi,
Hafliði Gíslason, meðstjórnandi,
Guðmundur Sveinsson, meðstjórnandi.

Stjórnarfundir voru 4, ásamt fjölda óformlegra funda sem stjórnin átti þegar reða þurfti ýmis mál sem upp komu og leysa þurfti, en þar sem 3 af stjórnarmönnum búa út á landi var oft erftitt að leysa þau mál, sem upp komu öðru vísni en að nota símann.

Starf stjórnarinnar var mikil. Eitt af fyrstu verkefnum hennar var að kjósa nefnd til að starfa að undirbúningi Heimsmeistaramótsins í Austurríki. I hana voru kosnir: Pétur Jökull Hákonarson, formaður, Sveinn Jónsson, gjaldkeri, Guðmundur Jónsson, ritari, Sigurður Sæmundsson, Hafliði Gíslason, Hallgrímur Jóhannsson og Stefán Friðgeirsson.

I fjárlöfunarnefnd voru kosnir: Þorsteinn Steingrímsson, formaður, Ragnar Tómasson og Hjalti Jón Sveinsson.

Akveðið var að reyna að fá yfirdómara H.M. í Austurríki og var til-nefndur Sveinn Jónsson, en eins og ykkur er kunnugt fékkst sú staða og er það mál manna að þar hafi verið valinn maður og stóð Sveinn sig stórkostlega vel og færir ípróttaráð honum kærar þakkir fyrir hans mikla starf á H.M. Aðrir dómarar fyrir Íslands hönd voru: Pétur Jökull Hákonarson og Hafliði Gíslason.

Fjárlöfun vegna H.M. var með líku sniði og síðast og plattinn þetta árið var með mynd, sem var teiknuð af Torfa Harðarsyni, sem sýnir 2 reiðmenn á ferð. Ýmislegt var reynt að gera til að auka kynningu og sölumöguleika plattans og var til dæmis farið ríðandi heim að Bessa-stöðum af stjórn ípróttaráðs og L.H. og er það okkur öllum, sem tóku þátt í heimsókninni, ógleymanleg stund. Vigdís bauð inn í stofu og þar var veitt kaffi, að ógleymdri hestaskálinni, sem þótti við hafi.

I fyrstu var hugsað að gefa út 1000 platta, en vegna erfiðleika fyrirtækisins, sem framleiddi plattana, urðu þeir 600 stykki. Það var strax ljóst, að þátttakan í H.M. í Austurríki myndi verða okkur dýr og vísa ég í reikninga gjaldkera H.M. nefndarinnar um þá stöðu mála.

Íþróttaráð setti sér nokkur takmörk, eitt var að auka samstarfið við stjórn L.H. og var formanni L.H., Leifi Kr. Jóhannessyni, boðið á fyrsta stjórnarfund íþróttaráðs, sem hann þáði. Leifur óskaði eftir góðu samstarfi og sambandi við hina nýju stjórn íþróttaráðs og bauð jafnframt formanni íþróttaráðs að sitja stjórnarfund L.H. sem hann og gerði og tel ég að það góða samstarf, sem komst á milli stjórnanna hafi létt báðum störfin verulega. Sérstaklega vil ég geta þess sem snéri að framkvæmdastjóra L.H. Guðmundi Ó. Guðmundssyni, en hann var alla tíð boðinn og búinn að aðstoða okkur við hvaðeina sem til hans var leitað og færi ég honum kærar þakkir frá íþróttaráði. Við vonum að þetta góða samstarf milli stjórnanna megi haldast og blómstra enn frekar.

Annað markmið sem íþróttaráð setti sér var að auka samstarfið við hinum ymsu deildir félaganna úti á landi og einnig að kynna þeim störf íþróttaráðs og hvað íþróttaráð væri að gera hverju sinni. Í því tilefni voru send út 4 bréf til formanna íþróttadeildanna um það sem við værum að gera og hvað væri helst á döfinni í það og það skiptið og mæltist þetta mjög vel fyrir hjá félögum okkar úti á landi og eru flestir af formönnunum búin að hafa samband vegna hinna ymsu atriða, sem ég hvatti þá til að framkvæma og þar ber að sjálfsögðu hæst innganga okkar í I.S.I. félögini, vítt og breitt um landið, hafa sýnt inngöngunni mikinn áhuga og hafa 8 félög stofnað íþróttadeild og sótt um inngöngu í viðkomandi héraðssamband og eru 18 íþróttadeildir búnar að ákveða að ganga inn í viðkomandi héraðssambönd og eru miklar líkur á að búið verði að afgreiða umsóknirnar á næstunni eftir því sem samböndin halda sína aðalfundi, en aðalfundar samþykkt þarf til að umsóknin taki fullt gildi. Það er því von okkar að stofnað verði sérsamband hestamanna innan I.S.I. en til þess að það verði hægt þurfa minnst 3 félög að hafa fengið inngöngu, en skylt er að stofna sérsamband þegar 6 deildir hafa gengið í héraðssamband og þau óskar eftir því við I.S.I. að stofna slíkt sérsamband. Ef af verður, verður íþróttaráð L.H. sem slíkt lagt niður og þá myndu fulltrúar hins nýja sérsambands kjósa nýja stjórn, en stjórn og framkvæmdir yrðu með líku sniði og nú er. Hugmyndin er sú að framkvæmdastjóri L.H. muni sjá um allan daglegan skrifstofurekstur sérsambands hestamanna svo sem að kalla eftir árskýrslum deildanna og skila þeim til I.S.I. á réttum tíma.

Eg, sem hef reynsluna af því síðastliðið starfsár að genga formennsku fyrir íþróttaráð, fullvissa ykkur um að þetta er orðið það mikið starf, að ekki er hægt né forsvaranlegt að leggja slíkt á einn mann, sem viðbót ofan á fulla vinnu, því ef vel á að rækja störf formanns og sinna öllum þeim málum sem upp koma og einnig hlada góðu sambandi við deildirnar úti á landi og svara þeim bréfum sem berast frá félögum okkar erlendis þarf ótrúlegan tíma og þá sér í lagi árið sem heimsmeistaramótið er, en það er full vinna í ca. 3 mánuði fyrir þann sem það tekur að sér. Eg er með hugmyndir um að til þessa verkefnis þurfi að ráða mann á launum, sem sjá um úrtökuna, móttstjórnun og síðan starfa við fjárlögun og jafnframt vera liðstjóri sveitarinnar og sé það þar með ákveðið strax hver verði liðstjóri svo ekki þurfi að ráða liðstjóra á síðustu stundu.

Það þarf nú ekki að hafa mörg orð um árangur H.M. sveitarinnar en hann var í einu orði stórkostlegur og langbesti árangur íslenska landsliðsins í hestaíþróttum til þessa og verður erfitt að gera betur, en að sjálfsögðu stefnum við að því í Danmörku 1989 en þar verður næsta heimsmeistaramót íslenskra hesta haldið.

Töluvvert var um fundi sem þurfti að sækja og mun ég nú drepa á þá helstu, tildrog og markmið þeirra.

Fyrst ber að telja svæðisfund sem formaður fór á með þremur af stjórnarmönnum L.H., þeim Leifi Kr. Jóhannessyni, Guðrún Gunnarsdóttur, Kristbjörgu Eyvindsdóttur og framkvæmdastjóra L.H. Guðmundi Ó. Guðmundssyni, í Skaftafellssýslurnar og notaði ég það tækifæri til að kynna íþróttaráð og það sem var á döfinni, sagði frá og kynnti þeim inngöngu í I.S.I. o.fl. o.fl. Út úr því kom að stofnuð var íþróttadeild hjá Hornfirðingi seinna um veturninn og fór ég til þeirra og aðstoðaði við þá stofnun. Einnig var áhugi hjá Kóp, en það eiga síðari fundir eftir að skera úr hvort af verður. Einnig fór ég upp á Akranes til Dreyra og þar var stofnuð deild, heimsótti Snæfelling og þar var einnig samþykkt að stofna íþróttadeild og sækja um inngöngu í Héraðssambandið. Storm á Vestfjörðum heimsótti ég og því lauk með sama árangri og hjá Snæfellingi. Hörður í Mosfellsbæ og íþróttadeild Skagafjarðar, Stígandi, Léttfeti og Svaði gengu til liðs við íþróttahreyfinguna. Dómaranámskeið voru haldin á 3 stöðum. Það fyrsta á Hólum í Hjaltadal, þar voru leiðbeinendur Sveinn Jónsson o.fl. Í Reykjavík var dómaranámskeið haldið af íþróttaráði og Ármúlaskólanum en þar hefur verið valbraut í hestamennsku, undir stjórn Guðmundar Jónssonar og var hann leiðbeinandi ásamt Sveini Jónssyni. Síðasta námskeiðið var haldið á Akureyri og voru nemendur frá Borgarnesi, Borgarfirði

og 1 frá Snæfellsnesi, ásamt Akurnesingum. Leiðbeinandi var Pétur Jökull en aðstoð við próftöku veittu þeir Sveinn Jónsson og Haflidi Gíslason.

Íþróttamaður ársins 1986 var valinn Sigurbjörn Bárðarson eftir stórkostlega sigurgöngu það sumar. Og er það í fyrsta skipti sem íþróttamaður ársins er valinn og er farandbikar veittur og er hann gefinn af Bifreiðum og landbúnaðarvélum.

Íþróttaráð tók þátt í sýningu í fordyri íþróttahallarinnar í Laugardal vegna 75 ára afmælis I.S.I. en það var ákveðinn reitur sem við fengum og settum við á hann helstu upplýsingar um fjölda hestamanna og félaga á Íslandi ásamt ýmsum myndum af hestaatburðum og einnig af forsetaheimsókninni til Bessastaða.

Ferð var farin til Sviss í mars á dómararáðstefnu vegna H.M. Með mér fór Sveinn Jónsson og var það mjög góð ferð og árangursrík þar sem við fengum í gegn öll þau mál sem við bárum upp, en það var ákveðið fyrir 2 árum af FEIF að þeir sem atluðu að dæma á H.M móturnum yrðu að mæta á þessar dómararáðstefnur til að samræma og ræða sínar skoðanir og rökstyðja þá dóma sem þeir gáfu og var þeim málum stjórnað af Sveini Jónssyni, sem einmitt var útnefndur yfirdómari á H.M. í Austurríki á þessari ráðstefnu.

Að lokum er mér bæði ljúft og skylt að nefna þann stóra þátt sem knaparnir, liðstjórar og dómarar áttu í fjárlögunni vegna H.M., en allir þeir fundir og óhemju vinna sem þeir lögðu á sig til þess að það yrði hægt að senda sveit manna og hesta til Austurríkis verður seint fullþakkað og áttu þeir land stærsta þáttinn í því að það skyldi takast og færi ég þeim kærar þakkir frá íþróttaráði fyrir sína miklu fórnfysi og dugnað.

Fyrir hönd íþróttaráðs L.H.

Pétur Jökull Hákonarson,
formaður.

ÚTFLUTNINGUR HROSSA 1986-1987

Skýrsla sölufulltrúa Búvörudeildar Sambandsins

Nær stöðugur útflutningur hrossa hefur átt sér stað á þessu ári og lítur út fyrir að muni haldast út þetta ár.

Frá nóvermber í fyrra til 15. sept. hafa verið flutt út alls 427 hross þar af 351 lífhross á vegum Búvörudeildar Sambandsins og Félags hrossabænda.

Með þessu samstarfi s.l. tvö ár hefur greinilegur árangur náðst og nú í okt. mun fara skip með um 300-400 hross til meginlands Evrópu og Norðurlanda.

Skipting á lönd er eftirfarandi: Nón. '86 - Sept. '87. Hrossin hafa verið flutt út með flugi reglubundið og með skipum eftir atvikum.

| | |
|------------|-----|
| Þýskaland | 67 |
| Danmörk | 63 |
| Noregur | 49 |
| Svíþjóð | 111 |
| Finnland | 6 |
| U.S.A. | 22 |
| Færeyjar | 12 |
| Austurríki | 13 |
| Sviss | 1 |
| Itálía | 6 |
| Frakkland | 1 |
| Belgía | 76 |
| Samtals | 426 |

Eitthvað fleira af hrossum mun hafa verið flutt út af öðrum aðilum en nákvæmar tölur þar um eru ekki fyrir hendi af okkar hálfu. I árslok má því gera ráð fyrir að hátt í 900 hross hafi verið flutt úr landi og er það nokkur aukning frá árinu áður.

Framtíðarspá er erfitt að gera, en sterkar líkur eru á vorskipi í apríl. Markaðssetning tekur vafalaust á sig nýja mynd með tilkomu Reiðhallarinnar og samanburður ræktenda og söluðila ætti að geta orðið betri.

Stefnt er að slíkum mörkuðum í vetur á vegum Félags hrossabænda og reynslan mun síðan leiða okkur áfram í þessum þáttum.

FEIF-MÁLEFNI 1987

Af málefnum Evrópusamtakanna er það að segja að haldnir hafa verið þrír stjórnarfundir á þessum ári, allir erlendis.

Ýmis málefni hafa verið á döfinni þar sem af er.

Ef skoðuð er staða Íslands má segja að hún hefur verið nánast óbreytt í gegnum árin hvað varðar félagslega þáttöku. Við eignum mjög erfitt uppdráttar vegna ýmissa eigin hagsmunu sem varðar sölu- og útflutningsmál, ræktunarmál, sportmál. Fjárhagslega eignum við erfitt m.a. að taka þátt í samstarfi og vandamál verða oft þegar nýir aðilar koma inn í stað annarra sem hatt hafa. Okkur vantar festu í þessum málefnum og þurfum að byggja og bæta okkar innra samstarf á margan hátt.

Eg hef setið í stjórn FEIF tvö kjörtímabil og tel að æskilegt sé að breyta um stjórnarmenn með nokkurra ára bili. Vandi okkar er sá að fá aðila hér heima til að fjalla um málefni án þess að okkar eigin hagsmunir séu alltaf í fyrirrumí, en líta í stað þess á málefni í heild.

Eg leyfi mér að vona að samstarf íþróttamanna við erlend félög einkum hvað varðar dómara og keppnisreglur komist í fastari farveg. Eg vona að ræktunarmál verði í almennri umræðu og opnari en áður hefur verið.

Samstarf milli L.H. og Evrópulanda er líklegast hvað varðar unglingsamstarf og heimsóknir landa á milli. Jafnvel vinabæjartengsl er og verður sá þáttur sem binda má mestar vonir við. Eg vil leyfa mér að segja að erlent samstarf kallar á víðtæk samskipti á öllum sviðum og við erum stolt af framgangi íslenska hestins í öllum löndum. Við erum líka kallaðir til ábyrgðar um samstarf og undan því getum við ekki skorast. Við verðum því að taka þátt í ábyrgð af ræktunar-, íþrótt-, félags- og samstarfsmálum sem varða fjölbreytt samstarf og hvetja til sem mestra framfara á öllum þessum sviðum, sýna frumkvæði og hafa úthald til afhafna.

Af málefnum þessa árs ber hæst að nefna ágæta framkvæmd Austurríkismanna við EM 1987. Anægjulegt var hve margir íslendingar sóttu þetta móti og tóku þátt í sigri íslensku knapanna.

Um árangur Íslands þarf ekki að hafa mörg orð, það hefur verið fjallað um það á ýmsum vettvangi.

Aðalfundur FEIF var haldinn í Austurríki og þar mætti fyrir Íslands hönd Pétur J. Hákonarson, sem sat fundinn.

Fyrir fundinum lágu frammi tillögur að þessum breytingum á keppnisreglum FEIF. Hafði verið unnið að breytingum og safnað saman tillögum er kynna átti. Endanleg samþykkt þeirra yrði síðan ekki fyrr en eftir umfjöllun fulltrúanna á þessum fundi og á næsta aðalfundi 1988. Mál fóru þannig að norðurlandafulltrúar gengu af umræðu- og undirbúningsfundi sem haldinn var og mótmæltu þar með umfjöllun um málið og tillögurnar, m.a. á þeim forsendum að þær væru á þýsku og að ekki hefði nægur tími gefist heima fyrir til að fjalla um þær með ráðgjöfum.

Stjórnin lagði til við aðalfundinn að taka bæri reglurnar í notkun til reynslu og meta síðan árangur af þeim í haust og fram til næsta dómarafundar. Var fallist á þetta. Hvílir því skyldan á Íþróttaráði L.H. að halda tilraunamót á næsta ári.

Bandaríkin urðu aðilar að FEIF og styrkti það samtökum til muna sem alþjóðlega einingu um íslenska hestinn. Bretland stefnir að aðild og Ítalía hefur sýnt mikinn áhuga. Ungur íslendingur Ásmundur Norland kynnti stöðu Ítalíu, en hann hefur dvalið í Tyrol með íslenska hestinn. Má því segja að veruleg hreyfing sé á félagslegrí þróun margra nýrra landa, sem hafa íslenska hesta.

Ræktunarmál hafa verið í mikilli skipulagningu og reynt hefur verið að samræma dómara og haldin námskeið í því skyni. Mikil ráðstefna var haldin í apríllok í Þýskalandi þar sem kynbótadómarar voru margir samankomnir til að undirbúa sig fyrir EM. Þar komu saman fulltrúar allflestra landa innan FEIF, en þátttaka okkar féll niður vegna forfalla Þorkels Bjarnasonar. Þetta leiddi óbeint af sér að Þorkell varð ekki virkur sem dómari/leiðbeinandi á EM eins og til var ætlast. Vegna mistaka sem ekki var hægt að leiðréttu kom Þorkell ekki til starfa fyrr en að kynbótadónum var lokið. Óskýrt er hvað olli þessum mistökum.

Mikið álag var á mönnum vegna undirbúnings þáttöku Íslands og má segja að undirbúningi er aldrei komið af stað fyrr en of seint og álagið því margfalt síðustu vikurnar með oft ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Svokölluð FEIF-nefnd Íslands hefur komið saman til undirbúnings vegna EM o.fl. mála. Þessi nefnd er samsett af L.H., B.I. og Búvörudeild Sambandsins. Auk þess sitja fundi Guðmundur Ó. Guðmundsson og Pétur J. Hákonarson. Frá L.H. Leifur Kr. Jóhannesson og B.I. Þorkell Bjarnason. Sigurður Ragnarsson situr sem fulltrúi Búvörudeilda. A þessum fundi var rætt um þáttöku Íslands í EM, sportmál og undirbúning úrtöku. Var kynntur lykill við val keppnishrossa og fjallað um dómara frá Íslandi.

Þá var rætt um þáttöku okkar í ræktunar- og kynbótasýningu og lágmarkseinkunn til þáttöku. Voru menn sammála um að taka þátt í slíkri sýningu að undangenginni forskoðun, ákveðinni lágmarkseinkunn og hugsanlegri sölu fyrirfram á kynbótaþrossum. Utan voru send þrjú hross ásamt keppnishestum. Fóru 2 hryssur og 1 stóðhestur. Árangur hryssanna var góður, en stóðhestsins lakur. Vil ég álita að reynslan af þessu móti verði að vera okkar leiðarljós framvegis.

Iþróttadómarar sóttu ráðstefnu til Sviss sem fór fram í árslok. Voru það Pétur Jökull Hákonarson og Sveinn Jónsson, sem var yfir-dómari. Pétur var samþykktur sem dómarí á EM. Voru störf þeirra með ágætum.

Stöðugt er unnið að unglingsmálum og sumarbúðir verða starfræktar í Þýskalandi næsta sumar. Vonandi taka íslenskir unglingsar mikinn þátt í því og framlag L.H. lofar góðu og ber að þakka. Staða æskulýðsfulltrúa L.H. mæltist vel fyrir innan FEIF.

Frostmerkingar eru að hefjast í Þýskalandi og eru menn bjartsýnir með þá framkvæmd. Verður íslensk fyrirmund höfð að leiðarljósi fyrstu skrefin.

Ymis önnur málefni mætti tiunda hér, en verður ekki gert að sinni. Eg þakka L.H. og B.I. samstarfið, auk þess sem Búvörudeild hefur haft veg og vanda af ferðum mínum á fundi í stjórn FEIF.

Sig. Ragnarsson.

STARFSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSFULLTRÚA L.H. fyrir ÁRIÐ 1987

Unglingastarf mitt hófst seinni partinn í febrúar. Eg byrjaði á því að senda öllum hestamannafélögum bréf þar sem ég kynnti starf mitt og óskaði eftir því að hvort félag veldi sér fulltrúa fyrir sína unglingsa. Síðan hélt ég fund á Hótel KEA á Akureyri þann 14.03. 1987 fyrir fulltrúa á norðurlandi. A fundinn mættu 8 fulltrúar frá 7 félögum og var ég mjög óánægð með lélega mætingu, sérstaklega að enginn skyldi koma frá Létti, Þráni og Funa, sem áttu þó svona stutt að fara.

Eg setti fundinn og óskaði eftir að við ræddum unglingsmálin, kæmum með hugmyndir og miðluðum hver öðrum af reynslu okkar og þekkingu og ég sagði þeim hvernig ég hef unnið að unglingastarf.

Þórhildur Sigurðardóttir hjá þjálfa S.p. sagði okkur frá hestaklúbb sem stofnaður var í skólanum hjá þeim og var mjög vinsæll. Unglingar komu saman eitt kvöld í viku og þá var fenginn einhver úr féluginu til að ræða við þau t.d. um fóður og hirðingu. I vikunni þar á eftir var kannske rætt um járnningar og eitthvað var sýnt af myndum. Þessu lauk svo með hestadögum unglings dagana 25.-26 apríl í Hafralækjarskóla og var ég með þeim þessa helgi.

Eg ræddi um að senda þyrfti liðsstjóra eða fulltrúa með unglingu á stórmót og voru allir sammála um það.

Við ræddum möguleika að halda sérstök unglingsmót en ákveðið var að ræða það eftir að ég hefði haldið fund fyrir sunnan.

Eg kom með hugmynd um að auka kynni unglings á milli hestamannafélaga og var því vel tekið.

Borsteinn Stefánsson hjá Hring á Dalvík sagði okkur frá ódýru merki sem hann hafði látið útbúa og létt svo unglingsana selja og safna sér í sjóð. Þau myndu síðan nota hann til að fara eitthvert saman í ferðalag t.d. í Hóla og einhverja tamningastöð og þá e.t.v. hitta unglings í Skagafirði.

Jónína hjá Svaða í Skagafirði sýndi mikinn áhuga enda stóð hún sig einstaklega vel í sumar.

A fundinn mættu tveir ungar piltar frá Neista á Blönduósi. Létu þeir illa af því hvað lítið væri gert þar fyrir unglingsa, aðeins námskeið sem haldið væri árlega en unglingsar væru margir á Blönduósi. Eg talaði nokkrum sinnum við formann þeirra með litlum árangri.

A fundinn mættu fulltrúar frá: Léttfeta, Neista, Þyt, Gnýfara, Svaða, Hring og þjálfa.

Næst hélt ég fund í Bændahöllinni í Reykjavík 28.03. 1987. Hann var fyrir fulltrúa á suður- og vesturlandi. A fundinn mættu 16 fulltrúar frá 13 félögum. Enginn mætti af vesturlandi. Eg setti fundinn á sama hátt og fyrir norðan.

Sigrún Sigurðardóttir sagði okkur frá unglingastarfi sínu hjá Gusti í Kópavogi, sem er mjög blómlægt og hefur verið undanfarin ár.

Rosemarie Þorleifsdóttir sagði okkur frá unglingastarfi Smára í Hreppum. Þar eru barna- og unglingsreiðtúrar á hverju ári með léttum leikjum. Þessar tvar konur eru þaumreyndar í unglingastarfi. Umræður voru skemmtilegar og sýndu þeir sem ekki hafa verið áður með unglingastarf þessu mikinn áhuga og spurðu okkur mikil.

Sigurður hjá Trausta sagði okkur að farin væri Jónsmessureiðtúr á hverju ári sem eingöngu er ætlaður unglungum. Seinni part sumars er svo farið með yngstu krakkana sér.

Eydís sagði okkur frá starfi Harðar í Mosfellssveit en æskulýðsráð þar greiðir leiðbeinanda ákvæðna tíma á viku. Þar var rekin félagsmiðstöð, þar sem unglingsar skrá sig í hestaklúbb.

Hjá flestum félögum hefur verið haldið reiðnámskeið en víða ekki gert neitt fyrir unglings. Nokkrar umræður voru um mótaðald fyrir unglings og var rætt sérstakt unglingsmót. Þá í þeim dúr að eitthvað væri fyrir alla, einshverskonar æskulýðsmót, sem nokkr félög myndu standa að. Allir voru sammála um að unglingsakeppni er ekki efst á lista stjórnenda stórmóta.

Rætt var um hugmynd Ragnars Jónassonar um unglingsapróf þar sem hægt yrði að keppa um brons-, silfur- eða gullmerki L.H. Akveðið var að geyma þessa hugmynd þar til unglingsstarf væri komið hjá sem flestum félögum.

A fundinn mættu fulltrúar frá: Herði, Kóp, Loga, Ljúf, Háfeta, Trausta, Mána, Sindra, Andvara, Gusti, Geysi, Smára og Sörla.

Báðir pessir fundir stóðu í þrjá og hálfan til fjóra tíma og voru að minu álití og þeirra sem ég hef talað við mjög gagnlegir. Eftir þessa fundi tók ég saman fundargerð og sendi út til allra hestamannafélaga ásamt fleiru um unglingsstarf og teikningu af nokkrum leikjum.

Dagana 25.-26. apríl var ég svo í Hafnarfjörðarskóla, S-þing. ásamt þór-hildi fulltrúa unglings hjá þjálfa. Hún hafði þessa helgi fyrir ungt hestafólk og á staðinn mættu 20 unglingsar víða að úr sýslunni og voru mórg þeirra í hestaklúbbum í skólanum. Við byrjuðum kl. 13.00 á laugardag enduðum kl. 16.00 á sunnudag. Við höfðum þau á hestbaki fyrstu two tímana og fórum í ýmis kennsluatriði. Eg hafði bóklegan tíma þar sem ég ræddi við þau um skynjun hestsins, beislabúnað o.fl. Eftir kvöldmat var svo kvöldvaka sem unglingsarnir sáu að mestu um og var hún meiriháttar skemmtileg. T.d. var spurningaleikur þar sem við bórhildur máttum aldeilis spjara okkur. Síðast var svo sýnd vidómynd, sem tekin hafði verið af krökkunum að deginum. A sunnudagsmorgun var svo farið í sameiginlegan útreiðartúr og eftir hádegi fórum við í leiki á hestum. Strax eftir kaffi afhenti ég öllum unglungum viðurkenningarskjali, sem ég hafði látið útbúa. Einnig afhenti ég fjórum krökkum verðlaunapening fyrir vel fóðraða og hirta hesta.

Bórhildur skipulagði þessa helgi sérstaklega vel. Hún kom hestunum fyrir í hesthusum í nágrenninu og var búin að skrifa hjá sér á miða hvar hver átti að vera. Þetta dæmi sýnir okkur að nánast allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.

I mars og apríl fór ég nokkrum sinnum til Léttis á Akureyri og aðstoðaði þá til að koma af stað unglingsstarfi en þeir hafa ekki verið með það áður. Einnig fór ég fimm sinnum til Dalvíkur og var með unglungum þar.

Bann 10. maí fór ég austur á Hérað og var með fund þar fyrir fulltrúa á austfjörðum. Við ræddum um malefni fyrri funda og það helsta sem kom þar fram, er hvað lítið er til að kennsluefní fyrir börn og unglings. Það þyrfti að vera til góð kennslumund sem mætti síðan lána eða leigja út til félaganna. A fundinn mættu 8 fulltrúar frá 4 félögum, þeim Freyfaxa, Blæ, Goða og Geisla.

Það hefur ekki verið hringt mikið til míni, en samt nokkrir. Eg hef aftur á móti hringt mikið og alls staðar fengið mjög góðar undirtektir.

24. maí heimsótti ég Jónínu hjá Svaða í Skagafirði. Hún fór af stað með unglingsstarf af miklum krafti í maí og náði saman 18 unglungum. Eg fór yfir nokkr atriði með krökkunum en Jónína hafði tekið þau upp á video sem við síðan skoðuðum í skólanum þar sem allir fengu kók og súkkulaði. Eg var síðan leyst út með félagsfánanum.

Eg þjálfaði nokkra unglings fyrir fjórðungsmótið sem var hér fyrir norðan og á mótinu sjálfu bauð ég mig fram sem fulltrúi unglings. Eg var hjá þeim áður en þau fóru inn á völlinn og ræddi við þau og lagði mig fram um að kynnast þeim sem flestum. Það tókst ótrúlega vel og á ég marga góða unga vini eftir sumarið.

Dagana 10. og 11. júlí var ég vestur í Dýrafirði hjá hestamannafélaginu Stormi. Þeir voru með sitt árlega hestamót og báðu mig að koma. Þar stjórnæði ég unglingsakeppni og dæmdi fyrir þá töltkeppni og einnig A og B flokk gæðinga. A föstudagskvöld var fundur hjá þeim Stormsmönnum og þar kynnti ég unglingsstarfið og þar voru kosnir tveir fulltrúar fyrir unglings.

Eg hef veitt öllum unglungum sem ég hef heimsótt viðurkenningarskjali fyrir þátttökum í unglingsstarfi L.H. Eg hef lagt mikla áherslu á að unglingsar kynntust milli félaga og ég veit að það hefur gefist vel. Sigrún Sigurðardóttir hjá Gusti og Ágúst Oddsson hjá Sörla áttu gott samstarf í vor og höfðu sameiginlega unglingshelgi. Unglingsstarf hefur ekki verið áður hjá Sörla.

Snemma í sumar talði ég við Pál Dagbjartsson hjá Stíganda í Skagafirði en hann er fulltrúi unglings þar. Hann sagði mér að þar væri að ljúka námskeiði og úrtöku unglings fyrir fjórðungsmót. 11. júní átti að vera sameiginlegur útreiðatúr á Vindheimamela. I haust þegar skólinn byrjar ætlar hann að hafa tvær kennslustundir í viku um hestamennsku og síðan verður unnið verklega út frá því.

Formaður Andvara í Garðabæ barðist fyrir því að fá folk til að taka að sér unglingsstarf en gekk illa. Sjálf fór hún í það í vor að koma upp aðstöðu fyrir reiðskóla og kenndi hún síðan sjálf en það hefur hún ekki gert áður. Hún var einnig með krakka á vegum æskulýðsráðs. Þetta var fyrsta skrefið í átt að unglingsstarfi hjá henni.

Fulltrúi hjá Ljúfi í Hveragerði er mjög áhugasöm stúlka, sem ætlar að gera allt sem hún getur í unglingsstarfi í vetur og hefur mikinn áhuga fyrir samstarfi við fulltrúa hjá Háfeta í Þorlákshöfn.

I vor var mikið um formannaskipti hjá félögum og tafði það dálitið fyrir en flest félög hafa þó kosið fulltrúa fyrir unglingsana og ég vil trúa því að á næsta ári skili þetta sér verulega. Eg veit um svo marga sem ætla að taka vel á þessu í vetur jafnvel fara með þetta út í skólanum. Hjá einstaka félagi er já alltaf sami barlomurinn um að það séu engir unglings, engir hestar og eitthvað í þeim dúr, en þau eru mjög fá. Eg vil gera það að tillögu minni að öll hestamannafélög hafi að minnsta kosti einn dag eða helgi árið 1988 sem helgað yrði æskunni og hestinum.

Út í Austurríki hitti ég æskulýðsfulltrúa hjá F.I.E.F. (Evrópusamband eigenda íslenskra hesta). Hún heitir Eva María Gerlach. Eva sagði mér frá æskulýðsmóti sem halda á í Þýskalandi næsta sumar og létt í ljós áhuga fyrir að fá unglings frá Íslandi. Þetta er mál, sem er mjög áhugavert en hún ætlar að skrifa mér eftir áramót og segja nánar frá þessu.

Eg hef nú stiklað á því sem mér finnst áhugaverðast, en sem betur fer eru miklu fleiri sem hafa gert mikið fyrir sína unglings og jafnvel meira í ár en áður fyrr en of langt mál yrði að telja það allt upp. Eg vona að æskulýðsstarfið verði blómlegt á næsta ári og að því verði fylgt vel eftir.

Eg er innilega þakklát þeim sem hafa stutt mig í starfi.

Rauðuvík 19.09. 1987
Með bestu kveðju,

Kolbrún Kristjánsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1986.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Skýr.

Tekjur:

1986. 1985.

| | | |
|--|-----------------|-----------------|
| 3) Árgjöld sambandsfél. Kr. 1.455.975 | | |
| Hl.árg.v.Reiðhallarb." 303.885 | Kr.1.759.860.00 | Kr.1.201.900.00 |
| Reiðskólastyrkur úr rikissj....." | 40.000.00 | " 40.000.00 |
| 11) Útg.smárita og filmul.(tekj.umfr.gj) | 81.939.20 | " 12.490.75 |
| 4) Útgáfa blaðsins "Hestar"....." | 146.544.60 | " 168.305.75 |
| 9) Rekstur Skógarhóla....." | 31.559.85 | " (4.144.58) |
| Vaxtatekjur....." | 64.236.97 | " 84.846.00 |
| Tekjur alls. Kr.2.124.140.62 | | Kr.1.503.397.92 |

Gjöld:

| | | |
|---|----------------|-----------------|
| 5) Laun og launakostnaður á skrifst... Kr. 625.730.00 | Kr. 503.856.00 | |
| 6) Annar skrifstofukostnaður....." 498.081.84 | " 340.062.55 | |
| 7) Binghald og fundir....." 167.889.00 | " 174.882.05 | |
| 8) Akstur og ferðakostnaður....." 126.705.00 | " 131.570.10 | |
| Námskeiðahald o.p.h....." 85.025.40 | " 2.500.00 | |
| Kostnaður við áningaráhólf....." 11.706.50 | " 0.00 | |
| 10) Annar kostnaður....." 30.299.90 | " 84.526.80 | |
| Vaxtagjöld og verðbætur....." 264.269.08 | " 62.461.85 | |
| 12) Afskriftir áhalda og innréttингa... 19.735.00 | " 20.051.00 | |
| Gjöld alls Kr.1.829.441.72 | | Kr.1.319.910.35 |

| | | |
|---------------------|----------------|----------------|
| Hagnaður af rekstri | Kr. 294.698.90 | Kr. 183.487.57 |
| ===== | ===== | ===== |

EFNAHAGSREIKNINGUR

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

EIGNIR:

Skýr.

Veltufjármunir:

1986. 1985.

| | | |
|---|-----------------|----------------|
| 15) Sjóður og bankainnistiður..... | Kr. 747.245.03 | Kr. 549.329.65 |
| 17) Fyrirfr.gr.kostn.og viðsk.kröfur..... | " 137.561.00 | " 222.986.06 |
| Vangr. árgjöld (Seyður v/1985)..... | " 4.440.00 | " 14.861.00 |
| Birgðir smárita, laga,reglug.ofl..... | " 200.000.00 | " 200.000.00 |
| Veltufjármunir alls | Kr.1.089.246.03 | Kr. 987.176.71 |

Fastafjármunir:

| | | |
|--|-----------------|----------------|
| Hlutafé í Reiðhöllinni h.f..... | Kr.1.000.000.00 | Kr. 700.000.00 |
| Kvikmyndir (gamlar)..... | " 200.00 | " 200.00 |
| 1,16) Kvikmynd v/Landsmóts 1986..... | " 253.700.00 | " 0.00 |
| 13) Skrifstofuhöld og innréttigar..... | " 31.795.00 | " 43.750.00 |
| 14) Myndbandstæti og myndbönd..... | " 17.756.00 | " 25.536.00 |
| Girðing Hvítárnesi..... | " 2.200.00 | " 2.200.00 |
| 1) Skógarhólar, hús (fasteignamat)..... | " 112.000.00 | " 91.000.00 |
| Skógarhólar, endurb.á aðstöðu(-afskrift) | " 79.580.00 | " 92.000.00 |
| Fastafjármunir alls | Kr.1.497.231.00 | Kr. 954.686.00 |

| | | |
|-------------|-----------------|-----------------|
| EIGNIR ALLS | KR.2.586.477.03 | Kr.1.941.862.71 |
| ===== | ===== | ===== |

PR. 31. DESEMBER 1986.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ.

Skýr.

| | | 1986 | 1985 |
|---|-----------------------|-----------------------|------|
| <u>Skammtimaskuldir:</u> | | | |
| 18) Ógr.kostnaður og viðskiptaskuldir.. | Kr. 278.347.50 | Kr. 279.847.20 | |
| Áætlað ógr v/kvikm(LM.1986)..... | " 250.000.00 | " 0.00 | |
| Samp.vixlar..... | " 0.00 | " 108.736.00 | |
| Reiknuð opinber gjöld (v/launa).... | " 12.420.00 | 0.00 | |
| Afb.næsta árs af skuldabréfum..... | " 311.200.00 | " 151.800.00 | |
| Skammtimaskuldir alls | <u>Kr. 851.967.50</u> | <u>Kr. 540.383.20</u> | |

Langtimaskuldir:

| | | |
|------------------------------------|-----------------------|-----------------------|
| Reiðhöllin h.f. tvö skuldabréf.... | Kr. 739.563.00 | |
| -afborganir næsta árs..... | " (311.200.00) | |
| Langtimaskuldir alls | <u>Kr. 428.363.00</u> | <u>Kr. 303.536.00</u> |

Áningasjóður:

| | | |
|------------------------------------|------------------------|------------------------|
| 2) Óráðstafaður beitarskattur..... | Kr. 478.012.00 | Kr. 585.507.88 |
| Skuldir og áningarsjóður alls | <u>Kr.1.758.342.50</u> | <u>Kr.1.429.427.08</u> |

Eigið fé.

| | | |
|------------------------------|-----------------------|-----------------------|
| 19) Óráðstafað eigið fé..... | Kr. 828.134.53 | Kr. 512.435.63 |
| Eigið fé alls | <u>Kr. 828.134.53</u> | <u>Kr. 512.435.63</u> |

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS Kr.2.586.477.03 Kr.1.941.862.71

===== =====

Reykjavík 14.mars 1987

Gunnar B. Gunnarsson.

Við undirritaðir kjörnir endurdskoðendur Landssambandshestamannafélaga höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir 1986.
Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri landssambandsins árið 1986 og efnahag þess 31.12.1986 og mælum því með samþykkt hans .

Reykjavík, 14.mars 1986.

Gisli B. Björnsson

Þorvaldur Þorvaldsson

Árgjöld skv.uppqjöri til L.H.1986.

| | Félagsmenn. | Árgjöld. |
|--------------------------|-------------|------------|
| Andvari..... | 159 | Kr. 41.340 |
| Blakkur..... | 50 | - 13.000 |
| Blær..... | 48 | - 12.480 |
| Dreyri..... | 154 | - 40.040 |
| Faxi..... | 234 | - 60.840 |
| Fákur..... | 676 | - 175.760 |
| Feykir..... | 59 | - 15.340 |
| Félag tammingamanna..... | 77 | - 20.020 |
| Freyfaxi..... | 236 | - 61.360 |
| Funi..... | 72 | - 18.720 |
| Geysir..... | 351 | - 91.260 |
| Glaður..... | 134 | - 34.840 |
| Glófaxi..... | 46 | - 11.960 |
| Glæsir..... | 63 | - 16.380 |
| Gnýfari..... | 33 | - 8.580 |
| Goði..... | 33 | - 8.580 |
| Grani..... | 68 | - 17.680 |
| Gustur..... | 305 | - 79.300 |
| Háfeti..... | 66 | - 17.160 |
| Hornfirðingur..... | 105 | - 27.300 |
| Hringur..... | 95 | - 24.700 |
| Hörður..... | 319 | - 82.940 |
| Kinnskær..... | 45 | - 11.700 |
| Kópur..... | 108 | - 28.080 |
| Léttfeti..... | 163 | - 42.380 |
| Léttir..... | 294 | - 76.440 |
| Ljúfur..... | 83 | - 21.580 |
| Logi..... | 125 | - 32.500 |
| Máni..... | 157 | - 40.820 |
| Neisti..... | 85 | - 22.100 |
| Óðinn..... | 50 | - 13.000 |
| Seyður..... | | |
| Sindri..... | 172 | - 44.720 |
| Sleipnir..... | 326 | - 84.760 |

Árgjöld skv. uppgjöri til L.H.1986.

| | <u>Félagsmenn.</u> | | <u>Árgjöld.</u> |
|-------------------|--------------------|-----|-----------------|
| Smári..... | 264 | Kr. | 68.460 |
| Snarfari..... | 31 | - | 8.060 |
| Snæfellingur..... | 228 | - | 59.280 |
| Snæfaxi..... | 54 | - | 14.040 |
| Stigandi..... | 204 | - | 53.040 |
| Stormur..... | 119 | - | 30.940 |
| Sörlí..... | 314 | - | 81.640 |
| Trausti..... | 134 | - | 34.840 |
| Þjálfi..... | 134 | - | 34.840 |
| Þráinn..... | 67 | - | 17.420 |
| Þytur..... | 134 | - | 34.840 |
| Svaði..... | 79 | - | 20.540 |
| Samtals | 6.753 | Kr. | 1.755.780 |
| ===== | | | |

(Árgjald fyrir hvern félaga Kr.260 og þar af v/Reiðhallarbyggingar Kr.45).

"Hesturinn okkar" REKSTRARREIKNINGUR 1986 "Hesturinn okkar"

| <u>Tekjur:</u> | 1986 | 1985 |
|---|----------------------|----------------------|
| 7) Áskrift og lausasala..... | Kr. 1.939.700 | Kr. 1.538.469 |
| Auglýsingar..... | " 399.000 | " 204.000 |
| Vaxtatekjur af bankareikn | " 58.379 | " 137.944 |
| Tekjur alls | <u>Kr. 2.397.079</u> | <u>Kr. 1.880.413</u> |
| <u>Gjöld:</u> | | |
| Setning, prentun, umbrot.... | KR. 1.325.236 | Kr. 1.200.236 |
| Myndir..... | " 31.470 | " 11.800 |
| Innheimta og dreyfing.... | " 91.667 | " 80.593 |
| 2) Launa, ferða- og símak.o.fl. v/(starfsm.og ritn)..... | " 401.755 | " 373.966 |
| Tölvuvinnsla..... | " 14.955 | " 8.788 |
| 3) Húsaleiga, skrifst.kostn.o.fl. Kostn.v/25 ára afm.H.O.... | " 182.685 | " 120.468 |
| Auglýsingar..... | " 0 | " 16.075 |
| Annar rekstrarkostnaður(rit- laun v/sögu L.H.)..... | " 30.000 | " 12.250 |
| Afskrift áhalda..... | " 15.000 | " 15.000 |
| Gjöld alls | <u>Kr. 2.097.650</u> | <u>Kr. 1.844.058</u> |

Tekjur umfram gjöld Kr. 299.429 Kr. 36.355

===== =====

"Hesturinn okkar"

EFNAHAGSREIKNINGUR

"Hesturinn okkar"

EIGNIR

| | | 1986 | 1985 |
|---------------------------------------|--------------|--------------|-------------|
| Spb.nr.36610 í Spsj.Rvk.og nágr..... | Kr. | 694.903 | Kr. 763.126 |
| Ávr. nr.24575 " " " | " | 165.393 | Kr. 88.565 |
| 4) Útist.auglýs. og viðsk.kröfur..... | " | 341.800 | " 195.800 |
| 7) Útistandandi áskriftir..... | " | 340.000 | " 120.000 |
| Veltufjármunir alls | Kr.l.542.096 | Kr.l.167.491 | |

Fastafjármunir:

| | | | |
|-----------------------------|-----|--------|------------|
| 5) Áhöld á skrifstofu | Kr. | 18.006 | Kr. 22.888 |
| Fastafjármunir alls | Kr. | 18.006 | Kr. 22.888 |

Eignir alls Kr.l.560.102 Kr.l.190.379
===== =====

"Hesturinn okkar" PR.31.DESEMBER 1986

"Hesturinn okkar"

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ.

Skammtimaskuldir:

| | | | | |
|-----------------------------|-----|---------|-----|---------|
| 6) Ógreiddur kostnaður..... | Kr. | 585.932 | Kr. | 505.246 |
| Skuldir alls | Kr. | 585.932 | Kr. | 505.246 |

Eigið fé:

| | | | | |
|-------------------------------|-----|----------|-----|---------|
| Óráðstafað eigið fé 1/1.1986 | Kr. | 685.133 | Kr. | 648.778 |
| Leiðr.v/fri augl.L.H.o.fl.lr. | " | (10.392) | " | 0 |
| Hagnaður skv.rekstrarreikn... | " | 299.429 | " | 36.355 |
| Eigið fé alls | Kr. | 974.170 | Kr. | 685.133 |

Skuldir og eigið fé alls Kr. 1.560.102 Kr. 1.190.379
===== =====


Reykjavík, 21.april 1987




Gunnar B. Gunnarsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur L.H., höfum yfirfarið framan-skráðan ársreikning Hestsins okkar fyrir árið 1986.
 Við höfum sannreynit að tilfarðar bankainnistæður eru fyrir hendi.
 Við teljum, að ársreikningurinn, sem samanstandur af rekstrar-reikningi ársins 1986, efnahagsreikningi pr.31.12.1986, skýringum og sundurliðunum nr.1-7, gefi glögga mynd af rekstri blaðsins árið 1986, og stöðu þess i árslok. Við mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 21.april 1987



Gisli B. Björnsson



Þorvaldur Þorvaldsson

Staðfest íslandsmet

Skeið 150 m.: 13.8 sek.

LEISTUR frá Keldudal, Skagaf. f. 1977.
F. Seitill, Keldudal.
M. Nös 3794 frá Stokkhólma, Skagaf.
Metið sett á Faxaborg 6. ágúst 1983.
Knapi: Aðalsteinn Aðalsteinsson.
Eigandi: Hörður G. Albertsson, Reykjavík.

Skeið 250 m.: 21.4 sek.

LEISTUR frá Keldudal, Skagaf. f. 1977.
F. Seitill, Keldudal.
M. Nös 3794 frá Stokkhólma, Skagaf.
Meðtið sett á Víðivöllum í Reykjavík, 1986.
Knapi: Sigurbjörn Bárðarson, Reykjavík.
Eigandi: Hörður G. Albertsson.

Stökk 250 m. (Folahlaup): 17.3 sek.

LÓTUS frá Götu í Hvolhr., Rang. f. 1979.
F. Krummi 880 frá S-Skörðugili, Skagaf.
M. Ör, Götu.
Metið sett á Melgerðismelum í Eyjaf. 28.7. 1985.
Knapi: Róbert Jónsson, Reykjavík.
Eigandi: Kristinn Guðnason, Skarði, Rang.

Stökk 300 m.: 20.5 sek.

TVISTUR frá Götu, Hvolhr., Rang. f. 1972.
F. Litur, Götu.
M. Ör, Götu.
Metið sett á Melgerðismelum í júlí 1984.
Knapi: Anna Dóra Markúsdóttir.
Eigandi: Hörður G. Albertsson, Reykjavík.

Stökk 350 m.: 23.9 sek.

GLÓA frá Egilsstöðum, S-Múl., f. 1966.
F. Glófaxi 648 frá Ketilsstöðum, S-Múl.
M. Gná 3376 frá Egilsstöðum.
Metið sett á Vindheimamelum 5. ágúst 1979.
Knapi: Hörður Harðarson.
Eigandi: Hörður G. Albertsson, Reykjavík.

Stökk 400 m.: 27.4 sek.

ÖRVAR frá Hjaltastöðum, Skagaf. f. 1975.
F. Blesi 598 frá Skáney, Borg.
M. Frá Hindisvík, V-Hún.
Metið sett á Mánagrund 9. ágúst 1981.
Knapi: Jóh Ólafur Jóhannesson, Reykjavík.
Eigandi: Róbert Jónsson.

Stökk 800 m.: 55.8 sek.

GNÝFARI frá V-Fíflholti, Rang. f. 1968.
F. Mósi frá V-Fíflholti.
M. Frá sama stað.
Metið sett á Mánagrund 10. ágúst 1980.
Knapi: Sigurður S. Sigurðsson.
Eigandi: Jón Hafdal.

Stökk 1500 m.: 2:06.6 mín.

ROSTI frá Herjólfssstöðum, V-Skaft. f. 1966.
F. Ekki vitað.
M. Ekki vitað.
Metið sett á Rangárbökum 7. ágúst 1977.
Knapi: Baldur Baldursson, Reykjavík.
Eigandi: Baldur Oddsson.

Stökk 2000 m.: 2:54.4 mín.

GRÁNI frá Nýjabæ, V-Eyjafjallahr., Rang. f. 1961.
F. Ekki vitað.
M. Ekki vitað.
Metið sett á Rangárbökum 2. júlí 1972.
Knapi: Guðmundur Pétursson.
Eigandi: Gísli Þorsteinsson, Vindási, Hvolhr. Rang.

Brokk 300 m.: 31.0 sek.

FENGUR frá Ystahvammi, S-Ping. f. 1971.
F. Jarpur.
M. Skvetta.
Metið sett á Vindheimamelum 11. júlí 1982.
Knapi: Sigurbjörn Bárðarson, Reykjavík.
Eigandi: Hörður G. Albertsson, Reykjavík.

Brokk 800 m.: 1:23.3 mín.

LÉTTIR frá Stórlág, A-Skaft f. 1959.
F. Sleipnir 583 frá Miðfelli, A-Skaft.
M. Bára, Stórlág.
Metið sett á Fornustekkum 1978.
Knapi: Sigfinnur Pálsson, Stórlág.
Eigandi: Sigurður Sigfinnsson, s.st.

Brokk 1500 m.: 2.56.0 mín.

LÉTTIR frá Stórlág., A-Skaft. f. 1959.
F. Sleipnir 583 frá Miðfelli, A-Skaft.
M. Bára, Stórlág.
Metið sett á Fornustekkum 1978.
Knapi: Sigfinnur Pálsson, Stórlág.
Eigandi: Sigurður Sigfinnsson, s.st.

Kerruakstur 800 m.: 2:02.6 mín.

FRÆNDI frá Ármóti, Rang. f. 1964.
F.
M.
Metið sett á Rangárboökum 2.júlí 1972.
Ekill: Gísli Guðmundsson,
Eigandi: Gísli Guðmundsson, Uxahrygg, Rang.

Kerruakstur 1500 m.: 3:31.4 mín.

KOMMI frá Bálkastöðum, Heggstaðanesi, V-Hún.,
F. f. 1962.
M.
Metið sett á Víðivöllum í Reykjavík 13. maí 1973.
Eigandi: Kommafélagið í Borgarnesi (Einar Karelsson o.fl.)
Ekill: Einar Karelsson, Borgarnesi.